

## Fundargerð

### 2. fundur Almanna- og borgarnevndar Þingeyinga

haldinn á Húsavík þriðjudaginn 15. okt 2019 kl. 11:00

**Mætt voru til fundar:** Halla Bergþóra Björnsdóttir, Kristján Þór Magnússon, Grímur Kárason  
Þorsteinn Gunnarsson var í síma á fundinum.

**Fjarverandi:** Elías Pétursson, Dagbjört Jónsdóttir, Sigurður Þ Guðmundsson og Aðalsteinn  
Halldórsson

#### Dagskrá:

1. Fjárhagsáætlun 2020
2. Útvarpssendingar á svæði nefndarinnar
3. Sameining almanna- og borgarnevnda í umdæmi lögreglustjórans á Norðurlandi eystra
4. Önnur mál

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir því að fá að færa til liði á útgefni dagskrá og byrja á lið tvö og taka svo fyrir lið þrjú.

#### 1. Útvarpssendingar á svæði nefndarinnar.

Grímur fór yfir bréfasamskipti við RÚV vegna útvarpssendinga á svæðinu. Sent hafði verið bréf í nafni nefndarinnar þann 03. maí sl. Nefndinni barst svar við því bréfi þann 06. maí þar sem útskýrt var hvaða vinna hafði verið sett af stað hjá RÚV til að bregðast við ábendingunni og að þeirri vinnu ætti að ljúka fyrir lok ágúst. RÚV sendi annað bréf þann 30. ágúst þar sem tilkynnt er um að vinnunni sé lokið og að verið væri að framkvæma mælingar til að tryggja að útvarpssendingar yrðu eins góðar og mögulegt væri í framhaldinu.

Lögreglustjóra og starfsmanni nefndarinnar falið að skrifa RÚV bréf og þakka fyrir skjót og góð viðbrögð við erindi nefndarinnar.

#### 2. Sameining almanna- og borgarnevnda í umdæmi lögreglustjórans á Norðurlandi eystra.

Halla Bergþóra fór yfir málið og kynnti fyrir nefndinni niðurstöður fundar hjá ALMEY þar sem ákveðið var að leggja fyrir sveitarstjórnir til samþykktar þau drög að sameiningu sem samþykkt voru á fundinum.

Rætt var um fyrirkomulag starfsins verði af sameiningu og fram kom að starfsmaður sameinaðrar nefndar yrði á Húsavík eins og er í dag, aðgerðarstjórnstöðvar yrðu tvær á Húsavík og Akureyri. Halla gerði grein fyrir því að lagt hefði verið til á fundi hjá ALMEY að innheimtar yrðu kr. 190 pr. íbúa til að standa undir starfinu. Það hefði í för með sér að kostnaður Alm. Þingeyinga færi úr 2.8 milljónum á ári í um 950-1.000.000 kr. verði þetta samþykkt í sveitarstjórnnum á svæðinu.

Fundarmenn voru sammála um að lögreglustjóra væri falið að útbúa samskonar drög sem sveitarstjórn Alm. Þingeyinga gætu lagt fyrir sínar sveitarstjórnir.

### 3. Fjárhagsáætlun 2020.

Grímur gerði grein fyrir fjárhagsáætlun næsta árs sem lögð verður fyrir Héraðsnefnd. Áætlunin er með óbreyttu sniði frá því sem verið hefur undanfarin ár. Verði hins vegar sameining nefndanna samþykkt og nýtt kerfi tekið upp við innheimtu rekstrarframlaga þá mun áætlunin felld úr gildi.

Nokkrar umræður urðu um fyrirkomulag greiðslna verði nefndirnar sameinaðar. Almannaþingastjórnir á okkar svæði er rekið í gegnum Héraðsnefnd Þingeyinga og því töldu nefndarmenn eðlilegast að hver og einn aðili sem aðild á að nefndinni stæði Héraðsnefnd skil á sínum hluta í kostnaði beint sem Héraðsnefndin gæti þá greitt í einu lagi.

Halla Bergþóra sagði bókara embættisins þá senda heildarreikning á Héraðsnefnd Þingeyinga vegna rekstrarframlaga fyrir allt svæði Alm. Þingeyinga

### 4. Önnur mál.

Kristján Þór minntist á að símasamband á svæði nefndarinnar væri á nokkrum stöðum frekar slæmt sérstaklega norðan Húsavíkur og spurði hvort eitthvað hefði verið kannað hjá símafyrirtækjunum hvað illi þessu slæma sambandi.

Grímur gerði grein fyrir því að margoft hefði verið reynt bréflaga og símleiðis að fá fyrirtækin til að skoða málið en frekar litlar úrbætur hafa komið út úr þeim samskiptum. Bent var á að sennilega væri mesta vægið fólgið í því að fá stóra notendur á svæðinu til að sameinast um að skrifa bréf til fyrirtækjanna og krefjast úrbóta og nefnt var í því samhengi HSN Húsavíkur og Norðurþing.

Starfsmanni falið að gera uppkast að bréfi sem sent yrði í nafni þessara aðila og nefndarinnar á símafyrirtækin.

Þorsteinn nefndi viðbúnað vegna mengunarslysa í umdæminu sérstaklega á verndarsvæði Laxár og Mývatns. Nánast enginn búnaður er til á svæðinu til að bregðast við slíku og leita þyrfti til Akureyrar ef óhapp yrði á svæðinu. Málið verður tekið upp í brunanefnd Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar á næsta fundi.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl . 11:50

Grímur Kárasón  
Starfsmaður nefndarinnar